

Fundur skólaráðs

Fimmtudagur 10. desember kl. 14:30

1) Hagir og líðan barna í Hofstaðaskóla í Garðabæ

Kristrún kynnti samantekt úr því helsta með glærusýningu. Ýmsar vangaveltur og umræður um glærunar m.a. velt fyrir sér hvernig „hrós“ sé túlkað og einstaklingsmun í upplifun á því. Einnig var rætt um „slæma“ niðurstöður í ákveðnum drengjahópum, hvers vegna og hvort hægt sé að bregðast við því með einhverjum hætti.

Margrét nefndi umræður og umfjöllun svæðaráðs um niðurstöðurnar og hvað væri hægt að gera í ljósi þeirra t.d. fundi sem halda á, greinaskrif o.fl. Hún sagði einnig frá því að það hefði verið rætt að fá foreldra drengja í 6. bekk á fund og ræða stöðuna og fá þá í lið með sér.

2) Reglugerðir/úrskurðir

a) Reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga

Margrét kynnti glæsur með helstu niðurstöðum. Fáar athugasemdir.

b) Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik og grunnskóla

Margrét kynnti glæsur með helstu niðurstöðum. Takmarkaðar umræður.

c) Úrskurður um 31.gr.grunnskólalaga

Margrét kynnti þennan úrskurð og túlkun hans. Hugleiðingar um málið og umræður um hvaða þætti ætti eftir að láta reyna á. Nokkuð rætt í tengslum við ferðina á Reyki og hvaða áhrif þessi úrskurður hefur þar.

3) Fjölgun nemenda – stækkun á skólahúsnaði

Margrét kynnti tölur um fjölda nemendur og áætlaða fjölgun. Sagði frá þarfagreiningu frá 2008 og að hún hafi reynt að ýta við henni vegna fjölgunar í Akrahverfinu. Hún hefur óskað eftir fundi með skólaskrifstofu í janúar þar sem úrbóta er óskað. Smá umræður um hvar væri hugsanlegt að byggja og hverju þyrfti að bæta við og hvernig þróunin hefði verið í bænnum hvað þetta varðar o.fl.

4) Fjárhagsáætlun

Margrét gerði lítillega grein fyrir því að samkvæmt fjárhagsáætlun væri niðurskurður ekki aukin og útlit fyrir að ekki væri um frekari niðurskurð að ræða í skólanum, í það minnsta ekki miðað við þær upplýsingar sem lægu fyrir núna.

Fundarritari Anna Magnea Harðardóttir